

Alþingi  
Erindi nr. P/39/625  
komudagur 2. 12. 2010



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mývatnssveit, 2. desember 2010.**

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 25 nóv. s.l. var eftirfarandi fært til bókar:

X "Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (uppbygging orkufreks iðnaðar í byrjun næsta árs), 120. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga flutningsmanna tillögunnar á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á alþingismenn og ríkisstjórn Íslands að taka nú höndum saman og leysa þetta mál til farsældar fyrir Þingeyinga og þar með landsmanna allra. Sveitarstjórn brýnir alþingismein að standa vörð um grunnþjónustu í héraðinu svo sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stoðþjónustu svo sem Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga."

"Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (tafarlausar viðræður við Alcoa og Bosai Mineral Group), mál 102.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga alþingismanna á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á alþingismenn og ríkisstjórn Íslands að taka nú höndum saman og leysa þetta mál til farsældar fyrir Þingeyinga og þar með landsmanna allra. Sveitarstjórn brýnir flutningsmenn tillögunnar að standa vörð um grunnþjónustu í héraðinu svo sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stoðþjónustu svo sem Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga."

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,

  
Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.